

1864. tjön, er þeir eptir tilsk. 18. febrúarm. 1847 18. grein hafi
30. júní. veðrètt í dánarbúi yfirfjárráðanda.

Með því stjórnarráðið fellst á skoðun þá, er þér þannig hafið í ljósi látið, skorar það hærmeð á yður, að svara þorsteini kansallráði Jónssyni þessu samkvæmt.

1. júlí. **57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýbýlingsrèttindi Jóns Bjarnasonar í Vilborgarkoti.**

Í bréfi 2. dag aprílm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að bóndi nokkur, Jón Bjarnason að nafni, hafi verið 1863 farið þess á leit, að sèr væri útvísuð til byggingar eyðijörðin Vilborgarkot í Seltjarnarnes hreppi innan Gullbringusýslu, og að það hafi verið ályktað við skoðunargjörð þá, er fyrir þessa sök hafi haldin verið, að nábýlisjardirnar Hólmur og Helliskot, sem eyðijörðin um mikinn fjölda ára hefir legið undir, og verið partur úr sjálfri landeign þeirra, missi svo mikils í ef hún er aðskilin frá þeim og byggð, að sá, er hana byggði, ætti að bæta upp eigendum hvorrar fyrir sig af jörðum þessum skada þenna með 20 álna árgjaldi, en að hlutaðeigandi hafi álitid, að hann sem nýbýlingur hefði átt að fá jörðina Vilborgarkot útvísada til óðals og eignar samkvæmt tilskipun 15. aprílm. 1776, og að hann því hafi heimtað, að stiptamtíð gæfi sèr nýbyggjarabréf fyrir greindri eyðijörð, er hann hefir byggt. Þér hafið nú herra stiptamtmaður haldið, að ekki yrði fallizt á þetta, og hafið þér í því efni tekið fram, að tilgangurinn með ákvörðunina í tilsk. 15. aprílm. 1776 verði að vera sá, að hvetja menn með hlunnindum þeim, sem þar er heitið, til að byggja og rækta jarðir, sem annaðhvort eru í eyði, eður eptir landslaginu ekki geta orðið ábúendum þeirra jarða, sem þær liggja undir, til neinna verulegra nota; að tilskipunin virðist gjöra ráð fyrir, að heimajörðin, eptir að nýbýlið er frá henni skilið, gefi ábúandanum hærumbil sama arð og geti risið undir sömu álögum

1864.

1. júlí.

og áður, og svo eigi einnig, þegar sá tími er liðinn, sem nýbyggjarinn er laus við afgjöldin, að meta nýbýlið til dýrleika útaf fyrir sig og afgjalda til hins opinbera, án þess haft sé tillit til heimajardarinnar, og sæti nýbýlið þannig sömu kjörum og aðrar jarðir um borgun afgjaldsins, og að þegar ákvörðun tilskipunarinnar sé skilin á þenna hátt, þá sé glöggur greinarmunurinn milli nýbýlis og afbýlis, því afbýli myndist annaðhvort við það, að skipt sé landi jarðar, eður að flutt sé út nokkuð af húsum jarðarinnar, án þess umtalsmál geti verið að veita slíku býli nýbyggjara réttindi. Þegar nýbýlatilskipunin er skilin á þenna hátt og haft tillit til þess, sem ályktað var við skoðunargjörð þá, sem að ofan er nefnd, getur hér aðeins verið að ræða um afbýli í ströngum skilningi, og getur þá, að yðar álit, ekki orðið umtalsmál að veita hlutadeiganda nýbyggjarabréf; en þaræð hann, eptir að þér hafid kunngjört honum þetta, álitur að rétti sínum sé hallað með þessu móti, þá hafid þér beðið stjórnarráðið um að skýra yður frá, hvort ekki sé heimild fyrir skoðun yðar á málinu í tilsk. 15 aprílm. 1776, og hvort ekki hafi verið rétt að neita honum um nýbyggjarabréf það, er hann heimtaði, en jafnframt þessu hafid þér bent á, hvort ekki muni vera ástæða að veita honum, þó hann sé afbýlismaður, lausn frá að greiða þinggjöld, þ. e. skatt, gjaf toll og tíund, eptir því, sem ákveðið er í 9. og 10. grein í optnefndri tilskipun, og virðist yður slíkt gjaldfrelsi byggt á sanngirni.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að krafa tæðs Jóns Bjarnasonar um að fá nýbyggjarabréf og réttindi þau og gjaldfrelsi, sem því eru samfara, virðist eigi hafa heimild í tilsk. 15. aprílm. 1776, og þykir stjórnarráðinu vert að geta þess, að eptir þeirri skoðun á máli þessu, sem þér, herra stiptamtmaður, hafid haldið fram og sem stjórnarráðið fellst á, virðist ekki hafa verið ástæða til að halda skoðunargjörð þá, sem að ofan er um rætt.